



Handbók Snemmtæk íhlutun í mál og læsi



Leikskólinn Lækur

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Lækur	5
1.1 Móttaka barna í leikskólanum Læk	6
1.2 Móttökusamtal	6
1.3 Þátttökuaðlögun	6
2.3 Læsisstefna leikskólans Lækjar	9
2.3.2 Talað mál og hlustun	9
2.3.4 Ritun og miðlun	10
2.3.5 Hljóðkerfisvitund og stafabekking	11
3. Málproski barna	11
3.1 Málörvun	14
3.2 Snemmtæk íhlutun í málörvun og undirbúningi fyrir lestur	15
3.3. Málörvun fjöltyngd börn	15
3.4 Foreldrasamvinna	16
3.5 Málörvunarefni – spilasafn, bókasafn, heimatilbúið málörvunarefni	16
4. Daglegt starf í leikskólanum Læk	17
4.1 Lestur	17
4.2 Sýnilegt ritmál	18
4.4. Blær, vináttuverkefni	20
4.5 Myndrænt skipulag	21
4.6 Samverustundir	22
4.7 Flæði	23
5. Nálganir í sérkennslu	23
5.1 Hlutverk sérkennslustjóra	23
5.2 Tákn með tali	23
5.3 PECS	24
5.4. Skipulögð (TEACH)	25
5.5 Mat á námi og þroska	25
5.6 Skimunarlistar/matslistar	26
5.6.1 EFI-2	26
5.6.2. HLJÓM-2	26
5.6.3 TRAS	27
5.6.4 Hæfnirammur fjöltyngdra barna	28
5.7 Viðbrögð við frávikum	28



5.8 Orðaforðalisti MMS.....	29
5.9 Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn	30
5.10 Lausnateymi í Læk.....	30
5.11 Samþætt þjónusta	30
6. Lokaorð	32
Heimildaskrá	33



Inngangur

Börn fá í vöggugjöf hæfileikann til að læra mál. Hversu vel hann nýtist fer eftir því hve mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar er lagður grunnur að öllu námi barnsins. Læsi er einn af sex grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011). Undirstaða læsis og alls náms er góður málþroski. Málþroskafrávik skapa erfiðleika við lestur, ritun og textagerð, sem síðar geta leitt til námserfiðleika, félagslegrar einangrunar og hegðunarerfiðleika.

Snemmtæk íhlutun í málörvun barna merkir að greina sem fyrst þau frávik sem kunna að vera til staðar í málþroska ungra barna. Að skilgreina hver frávikin eru út frá viðeigandi málþáttum, finna hvar erfiðleikarnir liggja og fá mikilvægar bakgrunnsupplýsingar um börnin frá foreldrum/forsjáraðilum og starfsfólki leikskólans. Einnig er mikilvægt að kynna sér hvort barnið hefur farið í einhverjar greiningar og þekkja heilsufarssögu þess t.d. sjón og heyrn. Því fyrr sem börn með frávik í málþroska finnast því fyrr er hægt að hefja íhlutun, velja leikföng, spil og annað námsefni sem hentar börnum með mismunandi þarfir og vinna með þau á markvissan hátt. Samkvæmt rannsóknum er hægt að hafa áhrif á þroskaframvindu og undirbúning barna fyrir nám með ígrunduðum aðferðum vegna þess að ung börn hafa ekki fullmótaða heilastarfsemi. Á yngri árum eru þau næmari fyrir íhlutun og þess vegna er hægt að koma í veg fyrir eða draga verulega úr mögulegum námserfiðleikum með viðeigandi inngrípum í anda snemmtækrar íhlutunar (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014).

Þessi handbók fjallar um snemmtæka íhlutun, mál og læsi og tekur mið af stefnu Kópavogs um mál og lestur í leik- og grunnskólum. Markmiðið er að öll börn í leikskólum Kópavogs nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti og undirbúning hvað varðar lestur. Stefnt er á að þessi undirbúningur í leikskólunum skili börnunum betur undirbúnum í fyrsta bekk grunnskóla og að unnið sé í anda heildstæðrar skólastefnu. Lögð verður áhersla á að hvert

barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum. Unnið verður eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi. Til að ná fram þessum markmiðum var ákveðið að hver leikskóli gerði sína handbók um snemmtæka íhlutun í mál og læsi. Þannig yrðu vinnubrögð skilvirkari og lögð yrði ríkari áhersla á skimanir/prófanir og íhlutun í kjölfarið hvað varðar mál og læsi. Starfsfólk myndi auka þekkingu, færni og öryggi sitt í vinnu með málörvun og læsi í leikskólum sveitarfélagsins. Það yrði færara í skráningu, mati á árangri og flokkun/vali á viðeigandi málörvunarefni. Með aukinni þekkingu, samvinnu og færni yrði valdefling hjá starfsfólki leikskólanna.

Hafa skal í huga að handbókin er lifandi skjal sem verður uppfært og lagað eftir því sem starfsfólk leikskólans lærir og þróar starfið áfram. Dagsetning neðanmáls gefur til kynna hvenær síðasta uppfærsla átti sér stað.

1. Lækur

Leikskólinn Smárahvammur tók til starfa 1994 en árið 2001 var hann og leikskólinn Kjarrið sameinaðir í einn leikskóla sem fékk nafnið Lækur. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008 og tekur starfsemi hans mið af Aðalnámskrá leikskóla (2011). Leikskólinn Lækur er í tveimur byggingum og eru yngri börnin í Litla-Læk og eldri börnin í Stóra-Læk. Deildir leikskólans



eru sex, börnin eru á aldrinum eins til sex ára. Í leikskólanum er rými fyrir 129 börn og um það bil 40 starfsmenn starfa við leikskólann. Leikskólinn Lækur starfar í anda félagslegrar hugsmíðahyggju (e. Social Constructivism) auk þess sem tekið er mið af kenningum John Dewey, Loris Malaguzzi og Mihaly Xsikszentmihalyi. Félagsleg hugsmíðahyggja vísar til þess að læra í félagslegum samskiptum við aðra og hvernig einstaklingur skapar þekkingu út frá eigin reynslu. Einkunnarorð leikskólans eru sjálfræði, virðing og hlýja. Sjálfræði er lykilorðið í leikskólastarfinu og ber í sér réttindi, ábyrgð og skyldur. Starfsfólk Lækjar telur að sjálfræði sé markmið allrar menntunar og í raun forsenda lýðræðis. Að vinna í anda sjálfræðis þýðir að börnin fá mörg tækifæri til að taka ákvarðanir og bera ábyrgð, þau læra að skynja styrk sinn og ábyrgð í samræmi við þroska. Þegar börn fá að hafa áhrif á leikskólastarfið og eigin leik eykst áhugi og virkni þeirra sem hefur jákvæð áhrif á árangur í námi.

1.1 Móttaka barna í leikskólanum Læk

Það er stórt skref fyrir öll börn að byrja í leikskóla. Það getur reynst sumum erfitt og þá sérstaklega þeim sem ekki eiga íslensku að móðurmáli. Því er mikilvægt að leikskólinn sé vel undirbúinn og að umhverfið sé hlýlegt og hvetjandi. Góðar leiðbeiningar um móttöku fjöltyngdra barna eru í Handbók um móttöku barna með íslensku sem annað mál í leikskólum Kópavogs (Kópavogsbær, e.d.). Hver leikskóli hefur sína aðlögunaráætlun fyrir nýja nemendur svo skólabyrjun megi takast sem best.

1.2 Móttökusamtal

Við upphaf leikskólagöngu tekur deildarstjóri viðtal við foreldra/forsjáraðila þar sem hann aflar m.a. upplýsingar um fjölskylduhagi, heilsufar barnsins og matarvenjur þess. Einnig er upplýsinga aflað um mál- og félagsþroska barnsins. Samtalið gefur deildarstjóra góða mynd af stöðu barnsins sem flýtir fyrir snemmtækri íhlutun ef grunur vaknar um frávik í þroska.

Í þessu fyrsta viðtali ræðir deildarstjóri við foreldra/forsjáraðila um mikilvægi markvissrar málörvunar og hlutverk þeirra í máluppeldi barns síns.

1.3 Þátttökuaðlögun

Í Læk er þátttökuaðlögun en þá eru foreldrar/forsjáraðilar með barni sínu fyrstu daga þess í leikskólanum. Með því að gera þá að virkum þátttakendum frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og starfið í leikskólanum. Hugmyndafræðin á bak við þátttökuaðlögun er að öruggir forsjáraðilar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna.

Öruggir foreldrar/forsjáraðilar = örugg börn. Um leið og sjálfstraust barns eykst þá verður það öruggara og sýnir betri færni í að kanna umhverfi sitt.

Aðlögunin fer fram á eftirfarandi hátt:

- Fjögur til fimm börn eru að jafnaði tekin inn í einu.
- Foreldrar/forsjáraðilar eru með barni sínu inni á deild fyrri hluta dags fyrstu þrjá dagana.
- Foreldrar/forsjáraðilar sinna barninu, leika við það, skipta á því, gefa því að borða og eru til staðar.
- Starfsfólk deildarinnar sinnir sínum daglegum störfum og jafnframt leggur það sig fram við að kynnast barni og foreldrum/forsjáraðilum.
- Fjórða daginn koma börnin um morguninn, kveðja foreldra/forsjáraðila og dvelja sinn vistunartíma í leikskólanum.

Helstu kostir þátttökuaðlögunar:

- Foreldrar/forsjáraðilar fá að sjá og upplifa hvernig dagurinn gengur fyrir sig hjá börnunum.
- Foreldrar/forsjáraðilar kynnst starfsfólki og einnig öðrum foreldrum/forsjáraðilum.
- Börnin verða öruggari í nýjum aðstæðum og læra strax að deila athygli starfsfólks með öðrum börnum.
- Aðlögunartími er styttri en ella sem þýðir að eðlilegt leikskólastarf getur hafist fyrr að hausti.
- Aukið álag á starfsfólk og börn sem fyrir eru á deildinni varir í styttri tíma.

2. Læsi

2.1 Hvernig er unnið með læsi í leikskóla

Leikskólinn er fyrsta skólastigið á Íslandi og þar hefja langflest börn sína skólagöngu. Í leikskóla er mikilvægur grunnur lagður að þroska barna sem allt annað nám byggir á (Signý Einarsdóttir, 2001). Í leikskólum er litið á leikinn sem helstu náms- og þroskaleið ungra barna. Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er tekið í sama streng og mikilvægi leiksins undirstrikað: „Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 27). Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að ung börn læra best í gegnum leik. Engin athöfn sem stýrð er af fullorðnum er talin hafa sömu áhrif á nám barna og leikurinn. Einnig hefur verið sýnt fram á að leikur styður við þróun læsis og gegnir þannig mikilvægu hlutverki í málörvun og lestrarnámi barna í leikskólastarfi (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2011). Leikurinn býður upp á ótal möguleika til málnotkunar en þykjustu- og hlutverkaleikir eru þeir leikir sem hafa hvað mest áhrif á málþroska og boðskiptahæfni barna. Í gegnum leikinn læra þau ný orð og hugtök og tjá hugsanir sínar og tilfinningar í samskiptum við önnur börn (Signý Einarsdóttir, 2001). Rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að málþroski barna sem leika sér mikið er betri en þeirra sem leika sér minna, enn fremur er félagsfærni þeirra meiri og þau hafa meira ímyndunarafli (Miller og Almon, 2009).

Í leikskólum er ekki um að ræða beina lestrarkennslu líkt og í grunnskóla heldur er lagður grunnur sem auðveldar börnum að lesa síðar meir. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi einn af sex grunnþáttum menntunar. Þar segir að læsi hafi löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið prentaðan

texta (lesið). Með tímanum hafi hugmyndir manna um hugtakið hins vegar breyst enda hafi fræðafólk í ýmsum greinum varpað á það ljósi með rannsóknum sínum. Í dag er talað um læsi í víðum skilningi. Læsi í leikskóla felur þannig í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt og er því mikilvægur þáttur samskipta og félagsfærni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

2.2 Stefna Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum

Í kjölfar undirritunar þjóðarsáttmála um læsi, markaði Kópavogsbær sér stefnu um mál og lestur fyrir leik- og grunnskóla bæjarins. Framkvæmd stefnunnar byggir á að allt skólasamfélagið í Kópavogi taki höndum saman um að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Rík áhersla er lögð á þátttöku foreldra/forsjáraðila í skólastarfi, stuðning við starfsfólk og samvinnu við stofnanir og félagasamtök, s.s. bókasöfn, listasöfn, félagsmiðstöðvar og íþróttafélög.



Í stefnunni segir: Mál og lestrarhæfni er viðfangsefni allra barna og mikilvægt samfélagslegt verkefni. Börn fá í vöggugjöf hæfileikann til þess að læra mál. Hversu vel hann nýtist fer eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsinaáms og koma þannig í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir.

Samkvæmt stefnunni er rík áhersla lögð á að koma til móts við börn með annað móðurmál en íslensku og börn sem hafa dvalið langdvölum erlendis. Í stefnunni er lögð áhersla á fjölbreyttar og skapandi kennsluáðferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til lesturs, aukinni færni í lestri og gagnrýnnar túlkunar. Enn fremur þarf að gefa börnum tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Framtíðarsýn skólasamfélagsins miðar að því að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar. Þannig er börnunum skilað vel undirbúnum fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútímasamfélagi. Stefnan gerir ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnþáttum lestrar: Hljóðkerfis- og hljóðvitund, lesfimi, lesskilningi, orðaforða og hljóðrænni umskráningu.

Skólasamfélagið þarf að taka höndum saman og skapa þann jarðveg sem stuðlar að því að börn nái sem bestum árangri og veiti þeim jöfn tækifæri til að lifa og starfa í síbreytilegum heimi. Börn skulu fá örvun og tækifæri til að vera virkir þátttakendur í eigin námi og leik (Kópavogsbær, 2016).

2.3 Læsisstefna leikskólans Lækjar

2.3.1 Læsi

Læsis hugtakið hefur á undanförunum árum fengið víðari skilgreiningu og er ekki lengur aðeins átt við að það að geta lesið stafi í bók og skrifað hugsanir sínar niður á blað. Ýmsir fræðimenn hafa varpað ljósi á mikilvægi þess að taka tillit til bakgrunnspekkingar og menningu hvers og eins og er bent á það að þó svo að tveir einstaklingar lesi sama texta er óvíst að þeir skilji hann á sama hátt, þar sem bakgrunnur og fyrri þekking er ólík (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 12).



Sýnt hefur verið fram á gæði þess að nota samvirka lestrarkennslu þar sem litið er á læsi sem félagslega iðju sem feli í sér tjáningu, hlustun, lestur, ritun, skilning og skapandi hugsun (Anna Guðmundsdóttir og Halldóra Haraldsdóttir, 2017, bls. 69). Á þessu er læsisáætlun Lækjar byggð og eru eftirfarandi þættir læsis hafðir til hliðsjónar: talað mál og hlustun, hlustunarskilningur, ritun og miðlun og hljóðkerfisvitund og stafabekking (Leikskólinn Lækur, 2019).

2.3.2 Talað mál og hlustun

Málþroski er mikilvæg undirstaða fyrir frekari nám og stór hluti af námi hjá leikskólabörnum. Þeirra helsta námsleið er í gegnum leik og er frjáls leikur góður vettvangur þar sem börnin fara í hlutverk, plana sögusvið og nota samræður til þess að skipuleggja og til þess að koma upplýsingum á framfæri (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016, bls. 169-171). Í Læk er gefið gott rými og tími til leiks bæði inni og út. Í leikskólanum eru ýmis svæði sem bjóða upp á mismunandi efnivið sem deildirnar skiptast á að leika sér á. Á föstudögum er svo flæði um allan leikskólann þar sem börnin fá tækifæri til að velja það svæði sem þau helst vilja leika sér á. Samverustundir eru nýttar til þess að kenna þulur, kvæði og sönglög auk þess sem

daglegar lesstundir eru fyrir öll börn í leikskólanum. Málþekking hefur áhrif á námsgengi en með því að lesa fyrir börn, læra þau flóknari setningar og ný orð sem eykur skilning þeirra á því sem verið er að fást við (Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir, 2011, bls. 2). Orðaforði og málfræði eru mikilvæg undirstaða fyrir hlustunarskilning og því er mikilvægt að útskýra orð og orðasambönd þegar lesið er.

2.3.3 Hlustunarskilningur

Hlustunarskilningur byggist á orðaforðaþekkingu, merkingu, setningafræði og málfræði móðurmálsins (Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir, 2011, bls. 2). Bakgrunnsþekking barna og áhugi skiptir miklu máli þegar lesið er fyrir þau upp á það hvernig þau skilja það sem lesið er. Hér skiptir máli að barn skilji orðin sem fram koma í textanum og hafi einhverja þekkingu á því sem verið er að lesa til þess að það geti nýtt það til þess að skapa nýja þekkingu. Eins er mikilvægt að börn öðlist hæfni til þess að draga ályktun sem felst í því að átta sig á þeim orsakatengslum sem birtast í textanum með rökhugsun og innsæi (Halldóra Haraldsdóttir, Baldur Sigurðsson og Rannveig Oddsdóttir, 2017, bls. 125).

Það er því mikilvægt þegar kennari les fyrir barnahópinn að hann noti aðferðir til þess að fá börn til að lesa á milli lína og draga ályktanir og giska á merkingu orða út frá merkingarlegu samhengi textans. Eins er mikilvægt að stoppa reglulega í lestrinum og fá börnin til þess að spá fyrir hvað hugsanlega gæti gerst næst í sögunni (Rúnar Sigþórsson og Halldóra Haraldsdóttir, 2017, bls. 33). Mikilvægt er að lesin sé bók sem er viðeigandi fyrir þá sem lesið er fyrir og byggt á færni þeirra og áhuga og því er gott að skipta barnahópnum niður í lesstundir eftir þeim viðmiðum.

2.3.4 Ritun og miðlun

Leikskólabörn þjálfa fínhyringar sínar til þess að geta beitt skriffærum og með því að teikna eru börn að koma hugmyndum sínum og upplifunum á framfæri og eru börn oft dugleg að segja frá því sem er að gerast á myndunum sínum jafnóðum og þær verða til (Rannveig Oddsdóttir, Baldur Sigurðsson og Halldóra Haraldsdóttir, 2017, bls. 94). Samkvæmt nýjustu skilgreiningum á læsi er miðlun sem felur í sér tákn, teikningar, myndir og töflur allt viðurkenndar leiðir til að koma frá sér upplýsingum og er hluti af læsishugtakinu. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að viðurkenna teikningar og tilraunir barna með ritmál sem

mikilvægt skref í þróun ritunar (Rannveig Oddsdóttir, Baldur Sigurðsson og Halldóra Haraldsdóttir, 2017, bls. 93 og 96).

Í Læk er unnið með ýmsan fjölbreyttan efnivið sem hvetur börnin til sköpunar auk þess sem helstu hlutir í umhverfi þeirra eru merktir til að byggja upp læsishvetjandi umhverfi. Á öllum deildum eru stafir hengdir upp á veggum eftir innlögn úr bókinni Lubbi finnur málbein (Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Másdóttir, Þórarinn Eldjárn og Freydís Kristjánsdóttir, 2009).

2.3.5 Hljóðkerfisvitund og stafapekking

Hljóðkerfisvitund en ein af meginforsendum þess að lestrarnám barns gangi vel. Hljóðkerfisvitund vísar til þess að geta brotið málsgrein upp í stök orð, orð í atkvæði og atkvæði í stök hljóð. Hljóðkerfisvitund er sem sagt yfirhugtak sem vísar til þeirrar færni sem þarf til að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orða.

Í Læk er mikil áhersla lögð á vinnu með hljóðkerfisvitund barna og hefst hún strax með yngstu börnunum í Litla-Læk. Þar er námsefnið Lubbi notað til þess að kynna fyrir börnunum hljóð tungumálsins og er það gert í gegnum söng og hreyfingu, auk þess sem notað er tákni með tali. Lubbi er svo hluti af námsefni barnanna þar til leikskólagöngu lýkur og er erfiðleikastigið aukið smátt og smátt. Það sem unnið er með er til dæmis að klappa atkvæði, rím, samsett orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging (Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Másdóttir, Þórarinn Eldjárn og Freydís Kristjánsdóttir, 2009).

Einnig er notast við námsefni sem heitir Markviss málörvun (Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve, Þorbjörg Þóroddsdóttir og Elín Elísabet Jóhannsdóttir, 1997) þar sem unnið er með sömu atriði í gegnum skemmtilega leiki.

3. Málþroski barna

Málþroski er stór hluti af almennum þroska hvers barns. Þegar máltaka er eðlileg fylgir hún oftast ákveðnu ferli, eitt leiðir af öðru og málþroskinn eykst jafnt og þétt án vandkvæða. Reikna má með að nokkur hópur barna eigi í einhverjum erfiðleikum með að fylgja jafnöldrum sínum í máltökunni og geta ýmsar ástæður legið þar að baki (Þóra Sæunn Úlfsdóttir, 2010). Ef ekki er gripið inn í með markvissum hætti geta börn með málþroskafrávik átt á hættu að glíma við lestrarvanda í framtíðinni. Eins er líklegt að bilið milli þeirra og jafnaldra aukist jafnt og þétt með tímanum. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna er hægt að hafa áhrif á

proskaframvindu barna og undirbúning fyrir nám með markvissum inn gripum sem hefjast snemma á lífsleiðinni (Weitszman og Greenberg, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2006).

Málskilningur er háþrúð færni sem byggir á heyrnar- og sjónskyni. Þegar börn læra að lesa þurfa þau að geta byggt á ákveðnum grunni til að geta gert sér í hugarlund aðstæður sem þau lesa um. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar, skilja tengsl orsakar og afleiðingar, sem getur haft áhrif á getu til að túlka lestexta síðar á ævinni. Þá getur þetta haft áhrif á færni við að búa til skema sem er mikilvægt fyrir mál- og lesskilning (Brinton og Fujiki, 2006; Westby, 2006). Þessi grunnur er lagður hjá ungum börnum í gegnum leik. Í leiknum búa þau til skema sem er eins konar innra handrit og er geymt í minni. Það sýnir tengsl hluta og þekkingu tengda atburðum, aðstæðum, hlutum og texta (Singh og Kent, 2000). Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik byggir upp skema fyrir málskilning (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010). Í ljósi þessa skiptir sköpum að vinna markvisst í gegnum leikaðstæður og leyfa börnum að uppgötva málið í gegnum skemmtilega málörvun sem er útfærð í gegnum leik og viðhöfð í daglegum aðstæðum í leikskólanum. Seinkun á leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu, vegna þess að þau hafa fleiri orðmyndir. Hægt er að kortleggja virkan orðaforða hjá börnum með því að leggja fyrir orðaforðagátlista og þroskalista sem meta mál ungra barna. Samkvæmt túlkun niðurstaða á orðaforðagátlistanum Orðaskil (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998) kemur í ljós að meðaltal virks orðaforða stúlkna við 24-25 mánaða aldur er 366 orð, en 268 orð hjá drengjum. Þessar niðurstöður gefa upplýsingar sem mikilvægt er að byggja á þegar unnið er með orðaforða ungra barna.

Einn þáttur snemmtækrar íhlutunar barna með málþroskafrávik er að kenna þeim viðeigandi notkun máls. Undanfarið hefur áhugi fræðimanna í auknum mæli beinst að þessum þætti vegna þess hve afgerandi áhrif hann hefur á hegðun og líðan barna. Birtingarform málþroskafrávika getur komið fram í hegðunarerfiðleikum. Börn með slaka boðskiptafærni kunna ekki að vera í hópi. Þau eiga erfitt með að lesa í óyrt skilaboð, hlusta, setja sig í spor annarra og skiptast á. Þetta veldur því að þau fá færri tækifæri til að læra af öðrum börnum í hópavinnu.

Annar mikilvægur þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfi (málhljóð tungumáls og reglur um tengsl þeirra) í gegnum leik og söng. Taktur, söngur og hrynjandi eykur áhuga og

hjálpur til við nám (Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Másdóttir, Þórarinn Eldjárn og Freydís Kristjánsdóttir, 2009). Í kringum sex mánaða aldur eru flest börn farin að leika og endurtaka hljóðasambönd sem eru búin til af samhljóða og sérhljóða. Í kringum eins árs aldur þróa börn síðan hæfileikann til þess að segja orð sem hafa merkingu við ákveðnar aðstæður (Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi í viðkomandi tungumáli fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með máhljóðin. Þetta gerir það að verkum að börn eru virk í þessu ferli sem á sér stað yfir ákveðinn tíma og yfirfæra síðan þessa þekkingu á máhljóðum yfir á aðra þætti, svo sem undirbúning fyrir bókstafabekkingu og lestrarnám. Umskráning bókstafa í máhljóð byggir meðal annars á þróun hljóðkerfisins. Rannsókn Þóru Másdóttur (2008; 2019) sýnir í hvaða röð íslensk börn tileinka sér máhljóðin frá tveggja ára aldri. Fyrst koma nefhljóðin /m/ og /n/ og síðast sveifluhljóðin /r/ og /hr/. Sérhljóð voru ekki skoðuð sérstaklega í rannsókninni, en vísbendingar úr henni bentu til að íslensk börn læri fyrst sérhljóðin (/a/, /í/, /e/, /u/, /i/, /o/, /ö/) og síðan tvíhljóðin (/á/, /æ/, /ei/, /ó/, /au/). Þessar upplýsingar gefa hugmyndir um hvernig best er að haga vinnu með íslensku máhljóðin, sem er skemmtilegt að gera í gegnum leik og söng (Eyrún Í. Gísladóttir, Þóra Másdóttir, Þórarinn Eldjárn og Freydís Kristjánsdóttir, 2009) Það er mikilvægt að leika með máhljóðin frá unga aldri vegna þess að íslenskar rannsóknir sýna að tveggja ára börn geta myndað 67% einstakra máhljóða á réttan hátt og að rúmlega þriggja ára gömul börn (3;4 ára) geta myndað 88% íslenskra einstakra máhljóða rétt (Þóra Másdóttir, 2019). Því fer fjarri að það eigi að vinna með beina framburðarleiddréttingu hjá svo ungum börnum, heldur er aðeins verið að benda á mikilvægi þess að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar þegar unnið er með alla málþætti. Þegar unnið er með framburð máhljóða ætti alltaf að vinna í samráði við talmeinafræðinga.

Almenn atriði sem börn ganga í gegnum í málþroska:

- Barnið er að uppgötva málið (frá fæðingu til 8 mánaða)
- Barnið getur skipst á boðum (8 til 13 mánaða)
- Barnið byrjar að segja fyrstu orðin (12 til 18 mánaða)
- Barnið getur sett saman orð (18 mánaða til 2 ára)
- Einföld setningamyndun (2 til 3 ára)
- Flóknari setningamyndun (3 til 5 ára)



Sjá einnig heimasíðu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, www.hti.is. Ef barn fylgir ekki ofangreindum þrepum í málþroska er líklegt að það sé með málþroskafrávik sem endurspeglast bæði í móðurmáli og öðrum tungumálum sem barnið lærir (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þ. Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson, 2014).

3.1 Málörvun

Í Læk er málörvun fléttað inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins. Ýmis tækifæri gefast í dagsins önn til að efla málþroska barnanna. Börn læra mikið í tungumálinu með því einu að talað sé við þau við daglegar athafnir og orð höfð á því sem er að gerast í umhverfinu. Reynt er að nota opnar spurningar og börnin hvött til að nota málið sitt. Tækifærin eru gripin t.d. við matarborðið, í fataherberginu, þegar börnin eru að þvo sér um hendur eða í gönguferðum. Í upphafi dags er tekið á móti börnunum með því að heilsa „góðan dag (nafn barns)” og er barnið hvatt til að svara í sömu mynt. Á salerninu geta spunnist umræður um hreinlæti, af hverju er t.d. mikilvægt að þvo sér um hendurnar með sápu? Í fataherbergi gefast ýmis tækifæri til málörvunar: „Nú er kalt úti, í hvernig föt þurfum við þá að klæða okkur?” „Náðu nú í rauðu húfuna þína og bláu vettlingana”. Þegar barn er aðstoðað við að klæða sig er hægt að lýsa atburðarrásinni: „Nú klæðir þú þig í í lopapeysuna, fyrst setjum við peysuna yfir höfuðið og svo setjum við hægri höndina í ermina...”. Við það að heyra rætt um heiti hluta, stærðarhugtök, litahæiti og líkamsheiti á þennan hátt átta börnin sig fyrir á hugtökunum og fara svo að tileinka sér þau sjálf með tímanum (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2014).

Í Stóra-Læk er flæði í matartímanum þar sem börnin skiptast á að fara í mat og er það gert til þess að minnka áreiti í matsalnum. Börnin ákveða sjálf hvað þau borða, hversu lengi þau eru að borða og hjá hverjum þau vilja sitja. Það skapast oft skemmtilegar samræður í barnahópnum þar sem umræðurnar eru algjörlega stýrðar af börnunum sjálfum. Á yngstu deildunum tveimur Laufi og Lyngi sitja kennarar til borðs með börnunum og er matartíminn ekki bara hugsaður til að matast. Þar er rætt um hvað áhöldin sem notuð eru heita, hversu margir sitja við borðið, hvað er í matinn og hvernig hann er matreiddur. Börnin eru hvött til að nota viðeigandi setningar þegar þau biðja aðra um að rétta sér matinn. Auk þess finnast okkur matartímarnir vera kjöraðstæður til að æfa boðskipti, við hlustum á þann sem talar, skiptumst á skoðunum og pössum að allir fái að taka þátt í umræðunum.

3.2 Snemmtæk íhlutun í málörvun og undirbúningi fyrir lestur

Ef grunur vaknar um að barn þurfi málörvun til viðbótar við þá málörvun sem fram fer í leik og starfi er haldinn fundur með foreldrum/forsjáraðilum viðkomandi barns. Foreldrar/forsjáraðilar geta óskað eftir slíkum fundi ef áhyggjur vakna eða deildarstjóri. Í sumum tilvikum er sérkennslustjóri kallaður til í kjölfarið en oftast er byrjað á að vinna með málörvun heima og í leikskólanum án aðkomu sérkennsluteymis. Ef sú vinna skilar ekki tilætluðum árangri fer barnið í málörvun hjá sérkennara, annað hvort í hóp eða fær einstaklingsmálörvun. Lagðir eru fyrir skimunarlistar sem gefa vísbendingar um hvaða börn það eru sem þurfa auka málörvun. Undirbúningur fyrir lestur er unnin á öllum deildum. Leikskólinn notar námsefnið Lubbi finnur málbein (Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Másadóttir, Þórarinn Eldjárn og Freydís Kristjánsdóttir, 2009), bókina Markviss málörvun (Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve, Þorbjörg Þóroddsdóttir og Elín Elísabet Jóhannsdóttir, 1997), ýmis spil, bækur og heimatilbúið efni til þess að vinna með þætti hljóðkerfisvitundar og til að auka orðaforða barnanna.

3.3. Málörvun fjöltyngd börn

Orðaforði ungra fjöltyngdra barna mótast mikið af þeirri málörvun sem þau fá í þeim tungumálum sem þau eru að tileinka sér. Oft læra þau orð sem tengjast skólasamfélaginu í leikskólanum og orð sem tengjast fjölskyldulífi á móðurmáli sínu. Þetta getur leitt að sér að fjöltyngd börn hafa lakari orðaforða heldur en börn sem eru að læra eitt tungumál. Minni orðaforði fjöltyngdra barna getur leitt að sér hægari framfarir í lesskilningi og þar með haft áhrif á námsgengi þeirra. Í Læk er fylgst vel með börnum sem tala fleiri en eitt tungumál og gripið er inn í eftir þörfum. Þau börn sem þurfa, fá málörvun í minni hópum þar sem lesnar eru bækur við hæfi. Einnig er stuðst við Orðaforðalista frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (2017) og farið í markvissa innlögn á algengum orðum og orðasamböndum. Gefðu 10. Ekki bíða, byrjaðu strax (Miðja máls og læsis, e.d.) er líka notað þar sem allt starfsfólk deildarinnar gefur sér 10 mínútur á dag til þess að spjalla við, leika við, spila við eða lesa fyrir barn með fleiri en eitt tungumál. Foreldrar/forsjáraðilar fá fræðslu eftir þörfum en mikilvægt er að fjöltyngd börn fái einnig örvun á móðurmáli sínu og að lesið sé fyrir þau heima. Brýnt er að börnin auki við orðaforða á báðum tungumálum og í gegnum ritað mál fá þau fjölbreyttari orðaforða og læra bæði algeng orð en líka orð sem eru sjaldgæfari.

3.4 Foreldrasamvinna

Í Læk er litið á foreldra/forsjáraðila sem mikilvæga samstarfsaðila í leikskólastarfinu. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er rík áhersla lögð á að milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir sem varða börnin. Grunnur er lagður að samstarfi við foreldra/forsjáraðila þegar þeir taka þátt í aðlögun barna sinna í upphafi leikskólagöngu. Boðið er upp á regluleg foreldrasamtöl þar sem foreldrar/forsjáraðilar og leikskólinn eiga samtal um líðan barnsins, nám þess og þroska bæði heima og í leikskólanum.

Í Læk er lögð áhersla á að málörvun fari fram í öllum aðstæðum, hvort sem það er í daglegu amstri eða í formlegum sögu- eða málörvunarstundum. Mikið er lagt upp úr samvinnu heimilis og skóla í þessu sambandi þar sem þáttur foreldra/forsjáraðila í málörvun barnanna er mjög mikilvægur. Foreldrar/forsjáraðilar eru kennarar barnsins, ekki á völdum augnablikum, heldur nær allan þann tíma sem þeir eru í samvistum við barnið (Gyða Haraldsdóttir, 2008). Foreldrar/forsjáraðilar geta með virkri þátttöku lagt góðan grunn og stutt við lestrar- og læsinnám barna sinna. Rannsóknir hafa sýnt að daglegur lestur auki orðaforða og leggi grunn að færni sem barnið þarf að búa yfir þegar það byrjar að lesa í grunnskóla (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2018). Foreldrar/forsjáraðilar eru barninu einnig fyrirmynd þegar þeir lesa sér til ánægju en með því auka þeir líkur á að barnið fái sjálfst áhuga á því að lesa í framtíðinni (Gyða Haraldsdóttir, 2008). Mikilvægt er að foreldrar/forsjáraðilar fjöltyngdra barna lesi fyrir þau á sínu móðurmáli, þar sem góð þekking á eigin móðurmáli auðveldar barni að læra önnur tungumál (Samuel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010).

Bæklingnum *Hver ætlar að lesa? Lestrarleiðbeiningar fyrir foreldra leikskólabarna* eftir Hrafnhildi Steinþórsdóttur er dreift til allra foreldra/forsjáraðila sem eru að byrja með barn sitt í Læk. Bæklingurinn er til á íslensku, ensku og pólsku.

3.5 Málörvunarefni – spilasafn, bókasafn, heimatilbúið málörvunarefni

Í Læk er til gott safn af spilum og ýmisskonar efni til málörvunar. Til að auðvelda aðgengi að námsefninu hefur það verið flokkað í átta flokka eftir því hvaða þroskaþætti/málþætti verið er að leggja áherslu á; sbr. skilgreinda málþætti og/eða stærðfræðiþekkingu. Efnið er merkt með punktum í mismunandi litum sem hver táknar tiltekinn flokk. Í einhverjum tilfellum er hægt að nota sama efnið til að örva fleiri en einn þroskaþátt/málþátt og er þá efnið merkt



með fleirum en einum límmiða. Flokkarnir eru eftirfarandi: • Setningar - blár • Málfræði - hvítur • Hlustun - grænn • Hljóðkerfi og framburður - svartur • Orðaforði - gulur • Málskilningur - rauður • Stærðfræði - appelsínugulur • Litaheiti- fjólublár. Flokkun kennsluefnis auðveldar starfsfólki leikskólans að finna það efni sem vinna á með hverju sinni.

4. Daglegt starf í leikskólanum Læk

4.1 Lestur

Í Læk er lestur einn mikilvægasti þátturinn í almennri málörvun. Lesið er fyrir öll börn daglega og áhersla lögð á að kenna börnum vísur og þulur þar sem það er góður grunnur fyrir lestarnám. Reynt er að skapa notalegar stundir og skipta barnahópnum í minni hópa þegar lesið er og velja þarf bækur sem hæfa aldri og þroska. Sögulestur er mikilvægur fyrir lestrarnám barna; hann eflir orðaforða, skilning og vitund barnanna um sögubýggingu. Einnig kynnast þau ritmáli sem beinir athygli þeirra að hlutverki, uppbyggingu og eðli ritaðs máls (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2018).

Það að lesa upphátt skilar miklum árangri en það verður að gæta að því að öll börn fái eitthvað út úr sögustundinni. Mikilvægt er að stundin sé skemmtileg og þess vegna nauðsynlegt að finna leiðir til að brjóta upp formið; lesa í minni og stærri hópum eða lesa á einhvern allt annan hátt en vaninn er. Allir sem lesa fyrir börn þurfa að hafa í huga að lesa á lifandi hátt og velja lesefni sem hæfir þroska og áhugamálum þeirra (Helle Iben Bylander, 2017).

Myndabækur verða oftast fyrir valinu fyrir yngstu börnin. Samræður um efni bókana byggist í fyrstu á myndunum en þróast smám saman í að snúast meira um textann. Áhersla er á að lesa frekar stutt í einu og oft en lestrarþol eykst með aldrinum ef lesið er reglulega fyrir börn (Helga Sigmundsdóttir, 2018). Á Laufi og Lyngi, þar sem yngstu börnin dvelja, er unnið með yndislestur en þá les kennarinn myndabækur fyrir hóp barna á meðan hann hefur eitt barn í fanginu sem hann beinir lestrinum fyrst og fremst að. Kennarinn endurtekur lesturinn svo með hverju barni fyrir sig.

4.1.1 Samræðulestur

Með eldri börnum er mikilvægt að ræða um það sem lesið var og gefa börnunum tækifæri til að spyrja spurninga og fá svör. Áður en byrjað er að lesa er gott að skoða bókakápuna og velja upp spurningum; um hvað ætli bókin sé? Eftir hvern er hún? Þegar ný orð koma upp er gott

að nota tækifærið og ræða þau og útskýra merkingu þeirra (Miðja máls og læsis, e.d.). Rannsóknir hafa sýnt að það sé mun áhrifaríkara að ræða um textann og innihald bókarinnar en að lesa bókina án skýringa. Börnin læra þannig mun meira um textann, orð og hugtök (Helle Iben Bylander, 2017). Þegar börn eldast átta þau sig smám saman á hlutverki ritmáls. Þau læra til dæmis að maður les frá vinstri til hægri og að það er byrjað að lesa efst á síðu og lesið niður. Einnig að bókstafir standa fyrir orð en áhugi á bókstöfunum er ein af grundvallarforsendum læsis (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2018).

Lesið er aukalega fyrir fjöltyngd börn. Þessi lestur fer fram með kennara inni á þeirri deild sem barnið er og er þá lesið fyrir það í einrúmi eða með öðrum börnum sem hafa svipaða færni í íslensku. Ef börnin kunna litla sem enga íslensku er byrjað að nota myndabækur eða aðrar einfaldar bækur. Lesefnið þyngist svo í takt við framfarir barnanna.

4.2 Sýnilegt ritmál

Í leikskólanum Læk er lögð mikil áhersla á ritmál í leikskólaumhverfi barnanna. Þannig er vakinn áhuga þeirra á bókstöfum, lestri og ritun og þau hvött til að gera tilraunir með ritmálið. Með yngri börnum er mikilvægt að tengja ritmál og myndir. Með eldri börnum eru gerðar meiri kröfur og þar er meiri áhersla lögð á ritmálið en myndir. Starfsfólk leikskólans leggur áherslu á að letrið sem notað er sé skýrt og læsilegt og bókstafirnir sem líkastir því sem mæta börnunum í skriftarkennslu í grunnskóla. Dæmi um aðstæður þar sem áhersla er lögð á ritmálið:

- Samverustund
 - o Myndrænt dagskipulag er bæði með myndum og ritmáli.
 - o Á tússtöflu eru skrifuð t.d. orð sem byrja á bókstaf vikunnar eða annað sem þarf að útskýra.
 - o Merkt er við nöfn barnanna á þar til gerðum listum eða nöfn þeirra skrifuð þegar þau eru veðurfræðingar.
- Matsalur
 - o Nöfn barnanna eru rituð undir myndum þegar þau bjóða hvort öðru í mat.
- Fataherbergi
 - o Fatahólf barnanna eru merkt með nafni. Hjá yngri börnunum er hvoru tveggja mynd og ritmál en aðeins ritmál hjá þeim eldri.
 - o Myndir af klæðnaði eru hengdar upp í fataherbergjum og á þeim er ritmál líka sýnilegt.
 - o Fatabox barnanna eru merkt með nafni, merkt er við þau föt sem vantar í boxið.
- Leikrými

o Kassar sem leikefni er geymt í eru merktir með myndum og ritmáli svo börnin geti sjálf valið það sem þau vilja leika sér með.

o Hillur eru merktar svo hægt sé að ganga frá hlutum á réttan stað.

- Hópaskipting

- o Börnin læra að þekkja sitt nafn á listum yfir hópa sem þau eru í.

- Deildir

- o Skúffur barnanna, þar sem þau geyma sína persónulegu muni, eru merktar nafni þeirra.

- o Börnin merkja sér sjálf hluti og myndir þegar þau ráða við það. Allt frá einum bókstaf upp í fullt nafn.


- o Öll börn eiga spjald með nafninu sínu skrifuðu sem þau geyma í skúffunni sinni. Þessi spjöld geta þau nýtt sér þegar þau eru að merkja blöð eða annað með nafni.

- o Myndir með ritmáli eru notaðar á yngri deildum.

4.3. Lubbi finnur málbein



Haustið 2011 byrjaði starfsfólk Lækjar að vinna með bókina Lubbi finnur málbein. Mikið og gott starf hefur verið unnið frá þeim tíma og hefur Lubbi lagt mikið af mörkum til málörvunar í Læk. Efnið er hugsað sem málörvun og hljóðanátt fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára og hefur m.a. reynst hjálplegt börnum með íslensku sem annað mál og heyrnarskertum börnum. Hugmyndasmiðirnir á bak við Lubba, Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir, eru talmeinafræðingar sem hafa áralanga reynslu af talþjálfun barna. Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann langar að læra að tala en þá þarf hann að læra öll íslensku málhljóðin. Í bókinni fer hann í ferðalag um Ísland í leit að málbeinum 35 en eitt málhljóð er tekið fyrir á hverri síðu eða opnu. Sérhvert málhljóð er kynnt með stuttri sögu og skemmtilegri vísu eftir Þórarinn Eldjárn. Áhersla er lögð á fjölbreyttan orðaforða og auðugt málfar. Hver síða í bókinni er myndskreytt, náttúru Íslands og hlutum sem tengjast málhljóðinu, af Freydísi Kristjánsdóttur. Hvert málhljóð á sitt tákni eða hreyfingu sem tengist því. Með því að tengja hljóðið og táknrænu hreyfinguna er auðveldara fyrir börnin að læra hljóðin og muna þau (Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Másdóttir, Þórarinn Eldjárn og Freydís Kristjánsdóttir, 2009).



Allar deildir eiga sitt Lubba tuskudýr sem fær að vera með börnunum í málörvun með Lubba. Eitt máhljóð er tekið fyrir í einu þar sem unnið og leikið er með máhljóðið í hverri málörvunarstund. Mismunandi er hvernig unnið er með Lubba eftir aldri barnanna og þyngist efnið eftir því sem börnin eldast. Á yngstu deildunum er aðallega unnið með kynningu á máhljóðunum en hverju máhljóði fylgir vísa sem börnin hlusta á og læra, sem það geta. Á eldri deildum er sagan lesin sem fylgir hverju máhljóði og Hljóðasmiðjur Lubba notaðar sem ítarefni en þar er meðal annars farið í atriði tengd hljóðkerfisvitund.



Eldri börnin hafa meiri getu og þekkingu til þess að fara dýpra í textann t.d. að finna máhljóðið í textanum, klappa atkvæði og finna út hvaða orð ríma. Hjá yngri börnunum er staldrað meira við til að útskýra og ræða textann (Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Másdóttir, Þórarinn Eldjárn og Freydís Kristjánsdóttir, 2009).

4.4. Blær, vináttuverkefni

Í Læk er lögð áhersla á að kenna börnunum að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki. Það er ástæðan fyrir því að ákveðið var að taka þátt í og innleiða hugmyndafræði verkefnis á vegum Barnaheilla sem kallast Vináttu. Um er að ræða forvarnarverkefni gegn einelti fyrir börn á leikskólaaldri og fyrstu bekki grunnskóla. Verkefnið kemur frá Danmörku og heitir á frummálinu „Fri for mobberi“. Verkefnið er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden. Markmið verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum (Barnaheill, e.d.).



Grundvöllur þess að vel takist til er þátttaka allra í leikskólanum; barna, starfsfólks og foreldra/forsjáraðila. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu og með klípusögum, umræðum, nuddi, söng og leikjum læra börnin um gildi vináttu með aðstoð

frá Blæ. Hvert og eitt barn fær lítinn bangsa sem tákna samfélag vináttu. Bangsarnir eru eign barnanna en þeir eru geymdir í leikskólanum þar til börnin hafa útskrifast og eru hugsaðir sem hluti af þessu verkefni. Þeir eru geymdir hver í sínu hólfi á deildunum en fá að sjálf sögðu mikla umhyggju og ást.

Námsefnið sem notað er í verkefninu er að finna í sérstökum töskum: Gul taska fyrir 0-3ja ára, græn taska fyrir 3 -6 ára og blá taska er ætluð 1.-3. bekk grunnskóla. Markmið verkefnisins er að þátttakendur tileinki sér ákveðin grunngildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu. Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirfarandi fjórum gildum:



- *Umburðarlyndi:* Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við aðra af virðingu.
- *Virðing:* Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi háttarni annarra.
- *Umhyggja:* Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- *Hugrekki:* Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Þessi gildi vinna kennarar og börn svo með í gegnum allt leikskólastarfið og hefur árinu verið skipt upp í fjóra parta þar sem lögð er sérstök áherslu á eina dyggð í einu. Þannig er unnið sérstaklega með umburðarlyndi í september, október og nóvember, virðingu í desember, janúar og febrúar, umhyggju í mars, apríl og maí og hugrekki í júní, júlí og ágúst. Þá eru ýmis lög sungin sem tengjast dyggðunum og bækur lesnar og börn og kennarar fræðast sérstaklega um þá dyggð sem tekin er fyrir hverju sinni.

4.5 Myndrænt skipulag

Það veitir öryggi og vellíðan ef allir vita til hvers er ætlast af þeim. Í Læk er notað myndrænt skipulag til að gera umhverfið í leikskólanum eins leiðbeinandi og fyrirsjáanlegt og mögulegt er. Sjónrænar vísbendingar hjálpa börnunum að átta sig á umhverfinu og auka sjálfstæði þeirra og öryggi við daglegar aðstæður. Þegar myndir eru notaðar á þennan hátt er alltaf gætt að því að nota talmál og ritmál samhliða. Myndrænt skipulag hentar öllum börnum, hvort sem þau eru með eðlilegan málþroska, skertan málþroska eða tala fleiri en eitt tungumál (Ásgerður



Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir, 2018). Myndrænt dagskipulag hangir uppi á öllum deildum. Í byrjun dags fer kennari yfir dagskipulagið sem er einskona stundaskrá yfir daginn. Hver mynd er lýsandi fyrir tiltekna stund dagsins, t.d. er ein mynd fyrir morgunmat, önnur fyrir rólegt starf, þriðja fyrir útiveru og svo framvegis.

Ýmsar leiðir eru notaðar með myndrænt skipulag og er tilgangurinn alltaf að auðvelda skilaboð og leiðbeina börnum hvað eigi að gera við tilteknar aðstæður. Á salerninu eru t.d. myndir sem leiðbeina börnum hvernig maður ber sig að við að þvo hendur. Í fataherbergi eru myndir sem hjálpa börnum í hvaða röð á að klæða sig. Gætt er að því að leiðbeinandi myndir séu í hæð barnanna. Sum börn þurfa einstaklings dagskipulag sem sniðið er að þeirra þörfum. Myndrænt dagskipulag hangir þá uppi á aðgengilegum stað fyrir barnið og er yfirleitt mun nákvæmara en skipulag deildarinnar.

4.6 Samverustundir

Í Læk eru samverustundir mjög mikilvægur hluti af leikskólastarfinu. Þær gegna til að mynda þýðingarmiklu hlutverki fyrir félagsþroska barnanna; þau læra að vera í minni og stærri hópum, hlusta á aðra, tjá sig, efla sjálfsstjórn, læra að taka tillit til hvers annars og skiptast á svo dæmi séu tekin. Skemmtilegar umræður skapast oft og eru börnin hvött til að segja frá atburðum og öðru sem þeim er hugleikið. Börnin þurfa að rökstyðja mál sitt auk þess að hlusta á og virða sjónarmið annarra. Í samverustundum gefast einnig dýrmæt tækifæri til málörvunar í gegnum söng, leiki og spjall. Samverustund er tvisvar til þrisvar sinnum á dag á hverri deild. Í fyrstu samverustund dagsins setur kennari upp myndrænt skipulag og segir frá því hvað dagurinn ber í skauti sér. Einnig er farið yfir hvaða vikudagur er, hvaða mánuður og mánaðardagur. Á eldri deildum skiptast börnin á að vera veðurfræðingar. Þá er litið til veðurs og veðurfræðingurinn setur upp myndrænt hvernig veðrið er úti og í hvernig föt best er að klæða sig fyrir útiveru. Söngur er órjúfanlegur partur af leikskólastarfinu og er sungið daglega inni á deildum í samverustundum. Börnin skiptast jafnan á að velja lög til að syngja.

Á föstudögum er sameiginleg söngstund og hittast þá öll börn í Stóra-Læk í matsalnum og börnin í Litla-Læk hittast fyrir framan Móa. Deildirnar skiptast á að stjórna samsöng og velja þá hvaða lög eru sungin hverju sinni auk þess sem afmælisbörn vikunnar eru heiðruð með afmælisöng.

4.7 Flæði

Á haustmánuðum 2017 var byrjað að vinna eftir hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi um flæði en hann er þekktur fyrir kenningar sínar um flæði og jákvæða sálfræði. Í flæði er leikskólanum skipt upp í nokkur svæði og geta börnin flætt á milli eins og þeim langar. Kostir flæðis eru þeir að betri nýting er á húsnæði og leikefni en ella og frjálssa leiknum er gefið aukið vægi í dagskipulaginu. Starfsfólk Lækjar telur að í flæði upplifi börnin meiri leikgleði, þau sýni aukið frumkvæði, virkni, einbeitingu og öðlist frekari færni í samskiptum, samvinnu og hjálpsemi. Flæðið eykur einnig samvinnu starfsfólks því það dreifist niður á svæði óháð deildum. Í Læk er flæði alla föstudaga.

5. Nálganir í sérkennslu

5.1 Hlutverk sérkennslustjóra

Sérkennslustjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum sem við eiga, Aðalnámskrá leikskóla og stefnu sveitarfélags. Meginverkefni eru stjórnun og skipulagning sérkennslu, uppeldi og menntun barna og nán samvinna við foreldra/forsjáraðila, samstarfsfólk og sérfræðinga. Sérkennslustjóri veitir ráðgjöf til samstarfsfólks og foreldra/forsjáraðila varðandi snemmtæka íhlutun. Sérkennslustjóri er tengiliður við sérfræðinga, hann boðar fundi, ritar fundargerðir, útbýr beiðnir og hefur umsjón með útfyllingu lista og fylgiskjala. Jafnframt er einstaklingsnámskrárgerð, tilkynningar til barnaverndar, skýrslugerð og myndbandsupptökur vegna frekari greininga og aðkomu félagsþjónustu í höndum sérkennslustjóra. Foreldrasamtöl þar sem grunur er um frávik í þroska, sem og skila- og upplýsingaviðtöl sérfræðinga.

Sérkennslustjóri hefur umsjón með skipulagi á nýtingu rýmis m.a. fyrir leikhópa og vinnustundir og umsjón með námsgögnum fyrir sérkennslu. Sérkennslustjóri hefur einnig umsjón með og leggur *EFI-2* fyrir börn á fjórða ári. Sérkennslustjóri skilar upplýsingum um einstök börn, þ.e. þarfir þeirra, markmið og leiðir í sérkennslu til næsta skólastigs sem og ef barn flytur í annan leikskóla. Stöðugildi sérkennslustjóra í leikskólum Kópavogs er miðað við fjölda barna í hverjum skóla, í leikskólanum Læk er stöðugildi sérkennslustjóra 100%.

5.2 Tákn með tali

Sum börn eiga í erfiðleikum með að tjá sig með orðum og geta það jafnvel ekki. Í slíkum tilvikum eru notaðar óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Í Læk er lögð áhersla á notkun Tákn með

tali (www.tmt.is). Tákn með tali er tjáningarform sem er ætlað heyrandi fólki sem glímir við mál- eða talörðugleika og byggist það á samblandi af látbrigðum, táknum og tali. Það sem átt er við með látbrigðum er þegar látbragð og svipbrigði eru yfirleitt sýnd um leið og táknið eru gerð og undirstrika merkingu þeirra. Táknunum er skipt í tvo þætti, náttúruleg tákn sem byggjast oftast á því að athöfn er leikin og eiginleg tákn sem flest eru fengin að láni úr táknmáli heyrnarlausra. Táknin eru alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð setningarinnar eru táknuð. Þannig hægir tákn með tali einnig á tali og það verður skýrara. Þegar tákn með tali eru notuð sem leið til tjáskipta örva þau jafnframt málvitund og málskilning barnsins (Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal, 2005).

Tákn með tali hefur verið notað í leikskólanum Læk í nokkur ár og þá helst með yngstu börnunum, en einnig með þeim börnum sem hafa átt erfitt með að tjá sig eða skilja talmál. Reynt er að nota tákn með tali í flestum aðstæðum í leikskólanum; t.d. í samverustund, söngstund, við matarborðið, í leik, í fataherbergi og á salerninu. Fyrir þau börn sem hafa átt erfitt með talað mál hefur verið útbúin orðabók, þar er hægt að fylgjast með orðaforða barnsins. Orðin/táknin sem barnið er að læra er sett í bókina og fjölgar þeim svo eftir því sem orðunum/táknunum fjölgar. Tákn með tali hefur hjálpað mörgum börnum sem ekki eru farin að nota talmálið og eiga, af einhverjum ástæðum, erfitt með að gera sig skiljanleg í daglegum samskiptum. Tákn með tali hjálpar þeim að skilja talað mál og ýtir undir og styður við að þau noti sjálf talað mál. Tákn með tali eykur sjálfstæði barna sem nota það því það verður auðveldara fyrir þau að tjá sig um þarfir, óskir og líðan.

5.3 PECS

PECS (e. The picture exchange communication system) er myndrænt boðskiptakerfi sem hentar börnum á öllum þroskastigum. Þetta boðskiptakerfi hentar vel fyrir börn sem hafa bæði slakan málþroska og litla boðskiptafærni. Lögð er áhersla á frumkvæði til boðskipta og málhegðun en ekki talmálið sem slíkt. Notkun þessa kerfis er talið ýta yndir jákvæða þróun talmáls ásamt því að boðskiptafærni barnsins eykst. Börnin læra að nota myndir og/eða önnur tákn til að gefa til kynna óskir sínar, langanir og líðan (Ráðgjafar- og greiningarstöð, e.d.).

5.4. Skipulögð (TEACH)

Skipulögð kennsla er þjónustulíkan sem var þróað af bandaríska prófessornum Eric Schopler á áttunda áratug síðustu aldar. Það var hannað til að auðvelda einstaklingum á einhverfurófi að skilja umhverfi sitt og er notað frá barnsaldri fram á fullorðinsár.



Áhersla er lögð á að aðlaga umhverfið að þörfum einstaklingsins, nota sjónrænar vísbendingar og haga aðstæðum á þann hátt að þær efla sjálfstæði hans. Rannsóknir hafa sýnt að skipulögð kennsla hentar mjög vel einstaklingum með röskun á einhverfurófi og gerir þá færari í að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum. Kennslan byggir á því að skipuleggja umhverfið, setja upp vinnukerfi, dagskrá og sjónrænt boðskiptakerfi til að veita yfirsýn yfir það sem er framundan. Hægt er að nota skipulagða kennslu hvar sem er og við hvaða aðstæður sem er. Íhlutun sem byggir á þessari hugmyndafræði er alltaf einstaklingsmiðuð og til að hún beri árangur þarf að endurskoða hana jafnt og þétt og nota við flestar aðstæður í lífi einstaklings (Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir, 2018; Ráðgjafar- og greiningarstöð, e.d.).

5.5 Mat á námi og þroska

Fylgst er með heilsu og þroskaframvindu barna í reglubundnum heilsufarsskoðunum á heilsugæslustöðvum. Foreldrar/forsjáraðilar eru hvattir til að fara með börn sín í slíkar skoðanir, sem eru þeim að kostnaðarlausu. Fylgst er með vitsmuna- og tilfinningaþroska, ásamt félagslegum og líkamlegum þroska barna frá fæðingu til grunnskólaaldurs. Markmiðið er að styðja við foreldra/forsjáraðila og veita þeim heilbrigðisfræðslu. Komi fram einhver frávik í þessum skoðunum setur hjúkrunarfræðingur sig í samband við sérkennslustjóra eða deildarstjóra í leikskólanum að fengnu leyfi foreldra/forsjáraðila.

Í Læk fylgjast deildarstjórar og sérkennslustjóri með þroskaframvindu barnanna með markvissum hætti. Eitt af þeim verkfærum sem stuðst er við til að fylgjast með námi og þroska barnanna eru skimunarlistar/próf sem eru lögð fyrir öll börn í Læk á tilteknum aldri. EFI-2 málþroskaskimun er þannig lögð fyrir öll börn á fjórða ári og HLJÓM-2 prófið er lagt fyrir elsta árgang leikskólans. Þá er TRAS skráningarlistinn notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Orðaskil eru send heim með börnum á aldrinum 18-36 mánaða. Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltýngd börn í leikskóla eru nýttir til að meta málþroska allra fjöltýngdra barna.

5.6 Skimunarlistar/matslistar

5.6.1 Orðaskil

Orðaskil-málþroskapróf byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum 18-36 mánaða. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Höfundur er Elín Þöll Þórðardóttir, talmeinafræðingur.

5.6.2 EFI-2

EFI-2 er málþroskaskimun sem lögð er fyrir öll börn á fjórða ári. Tilgangurinn er að kanna málskilning og tjáningarfærni barna og finna þau börn sem þurfa á markvissri málörvun að halda (Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir, 2012). Skimunin er lögð fyrir af fagfólki með tilskilin réttindi en fyrirlögn tekur um tíu mínútur. Barn og kennari eiga saman rólega stund og skoða myndabók með sjö myndum. Starfsfólk leitar svara við ákveðnum spurningum sem flestar tengjast myndum í bókinni. Svör barnsins gefa vísbendingu um hvernig málþroski þess er miðað við jafnaldra; hvar styrkur barnsins liggur og hvort um er að ræða veikleika á einhverju sviði. Gefi niðurstöður til kynna einhver frávik í málþroska er haft samband við foreldra/forsjáraðila. Mælt er með því að þau börn sem koma slök út fari í málörvunarhóp í leikskólanum og foreldrar/forsjáraðilar eru hvattir til að vera virkir í málörvun heima fyrir t.d. með því að setja orð á hluti, tala við barnið og skoða bækur/lesa. Í sumum tilvikum er tekin ákvörðun um frekari íhlutun í samráði við foreldra/forsjáraðila.



5.6.3. HLJÓM-2

HLJÓM-2 er próf í leikjaformi sem er lagt fyrir elsta árgang leikskólans til að meta mál- og hljóðkerfisvitund. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hafi ákveðið form og það skipti ekki bara máli hvað er sagt, heldur einnig hvernig það er sagt. Barnið gerir sér þannig grein fyrir hljóðfræðilegri uppbyggingu talaðs máls (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002).

HLJÓM-2 er skipt upp í sjö prófþætti:

1. Rím
2. Samstöfur
3. Samsett orð
4. Hljóðgreining
5. Margræð orð
6. Orðhlutaeyðing
7. Hljóðtenging

Prófið er lagt fyrir á haustin en fyrirlögnin tekur um 20 - 30 mínútur. Niðurstöður gefa marktækar vísbendingar um áhættu varðandi síðari lestrarörðugleika og eru því mikilvægar fyrir markvissa vinnu á lokaári barnanna í leikskólanum.

Allir foreldrar/forsjáraðilar fá skriflegar upplýsingar um niðurstöðu síns barns í foreldrasamtölum, þar sem einnig er bent á leiðir og námsefni til að örva mál- og hljóðkerfisvitund. Þá er niðurstöðum skilað til þess grunnskóla sem barnið mun hefja nám í.


Málörvunarhópar eru myndaðir í kringum þau börn sem koma út með slaka færni. Eftir rúmlega þriggja mánaða vinnu er prófið lagt fyrir aftur. Ef útkoman er óbreytt er málið skoðað í samráði við foreldra/forsjáraðila og ákvörðun tekin varðandi frekari íhlutun.

5.6.4 TRAS

TRAS -skráningarlistinn (n. Tidlig registrering af språkvikling) er fylltur út á 6 mánaða fresti fyrir öll börn á aldrinum tveggja til fimm ára. TRAS var saminn af norskum sérfræðingum og er víða notaður á Norðurlöndunum. Góður málproski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með skráningarlistanum er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Fylgst er með eftirfarandi þáttum:

1. Samleikur/félagsfærni
2. Tjáskipti/samskipti



3. Athygli/einbeiting
4. Málskilningur
5. Málvitund
6. Framburður
7. Orðaforði
8. Setningarmyndun



Ekki er um eiginlega fyrirlögn að ræða heldur leitar starfsfólk sem best þekkir barnið svara við spurningunum á skráningarlistanum með því að fylgjast með því í leik og starfi. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því í gegnum leikskólagönguna. Foreldrar/forsjáraðilar eru upplýstir um stöðu barna sinna í foreldrasamtölum sem eru á haustin og að vori (Björk Alfreðsdóttir, Hólfríður Árnadóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir, 2017).

5.6.5 Hæfnirammur fjöltyngdra barna

Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla (Halldóra Sigtryggisdóttir, Saga Stephensen, Þorbjörg Halldórsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir, 2021) skiptast í fjögur hæfnisvið: Tjáningarfærni, hlustunarskilning, hljóðkerfisvitund og læsi. Öll sviðin eru nátengd hvert öðru. Hvert svið skiptist niður í nokkra færniþætti. Í römmunum eru gefin viðmið um hvert hæfnisvið og dæmi tekin um málnotkun. Dæmin eru gefin til þess að útskýra betur hvers konar málnotkun megi búast við að barnið ráði við á hverju stigi fyrir sig en þau eru auðvitað engan veginn tæmandi. Hjá hverju hæfnisviði er stuttur inngangur til þess að útskýra eðli og mikilvægi hvers þeirra. Hæfnirammarnir gefa ákveðið viðmið um árangur málörvunar í íslensku í leikskólastarfi með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Þeim er ekki ætlað að vera grunnur að beinni kennslu í íslensku heldur uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður börnin við að taka reglulegum framförum í íslenskufærni sinni.

5.7 Viðbrögð við frávikum

Vakni grunur hjá foreldrum/forsjáraðilum eða starfsfólki leikskóla um seinkaðan þroska hjá barni er leitað eftir aðstoð sérkennslustjóra sem setur ákveðna verkferla í gang. Ef niðurstöður úr skimunum eru fyrir neðan meðaltal eru foreldrar/forsjáraðilar beðnir um að fylla út í Smábarnalistan eða íslenska þroskalistann. Þetta eru listar sem eru ætlaðir til þess að meta mál- og hreyfiþroska barna en hvaða listi verður fyrir valinu ákvarðast af aldri barnsins.


Sérkennslustjóri reiknar út niðurstöður og þegar þær liggja fyrir er tekin ákvörðun um næstu skref í samráði við foreldra/forsjáraðila. Ef niðurstöður gefa til kynna einhverskonar frávík er lögð áhersla á að byrja strax á markvissri vinnu með barnið. Málörvunarhópar, þar sem unnið er með mismunandi áherslur, eru starfræktir í Læk og er mælt til þess að barnið fari í slíkan hóp. Áhersla er lögð á að skrá og skilgreina hvað er gert í málörvun og leggja mat á árangur. Í sumum tilvikum er mælt með aðkomu talmeinafræðings til að kortleggja málþroska barnsins frekar. Í kjölfarið er haldinn skilafundur þar sem talmeinafræðingur fer yfir niðurstöður. Fundinn sitja foreldrar/forsjáraðilar, deildarstjóri og sérkennslustjóri. Talmeinafræðingur setur fram tillögur að úrræðum og veitir ráðgjöf varðandi það hvernig best sé að örva málþroska barnsins heima og í leikskólanum. Auk talmeinafræðinga starfa sérkennsluráðgjafar, sálfræðingar og iðjuþjálfar á vegum bæjarfélagsins en óskað er eftir þjónustu þeirra þegar þörf er á nánari greiningum eða ráðgjöf.

5.8 Orðaforðalisti MMS

Árið 2017 gaf Miðstöð menntunar og skólaþjónustu út Orðaforðalista.


Þetta orðasafn er hugsað sem verkfæri fyrir starfsfólk og foreldra/forsjáraðila að styðjast við þegar þeir vinna að eflingu orðaforða barna á mismunandi aldri. Í orðasafninu er safnað saman orðum úr nánasta umhverfi barnsins og helstu orðum sem koma fyrir í lífi og starfi barna á leikskólaaldri. Lögð er áhersla á að orðasafnið sé alls ekki tæmandi en það inniheldur dæmi um mikilvægan grunnorðaforða sem gott er að hafa á valdi sínu sem undirstöðu fyrir vaxandi mál- og lesskilning. Orðasafnið getur verið sérstaklega gott verkfæri fyrir fjöltyngd börn.

Hægt er að nota orðasafnið á ýmsa vegu, s.s. að hafa það sýnilegt á veggjum leikskólans til að minna fólk á að nota fjölbreyttan orðaforða í daglegu starfi, prenta út og hafa sem skráningarblað fyrir einstök börn, vinna þematengda vinnu, dýpka samræður við börnin, búa til leiki út frá orðunum og nýta sem verkfæri fyrir foreldra/forsjáraðila til að efla orðaforða barna sinna o.s.frv.



5.9 Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn

Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn eru samdir af sálfræðingunum Einari Guðmundssyni og Sigurði J. Grétarssyni og eru þeir notaðir til að meta mál- og hreyfiþroska barna. Íslenski þroskalistinn er ætlaður fyrir þriggja til sex ára börn. Mæður svara staðhæfingum varðandi getu barna sinna á mál- og hreyfisviði. Smábarnalistinn er sambærilegur Íslenska þroskalanum en er ætlaður fyrir yngri aldurshóp eða börn á aldrinum 15 - 38 mánaða (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 1997; 2005).



5.10 Lausnateymi í Læk

Lausnateymi fjallar um málefni barna með vægar stuðningsþarfir. Í teyminu sitja sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri, leikskólastjóri og deildarstjóri.

Hafi úrræði deildar, fyrir barn, ekki skilað árangri innan ákveðins tíma er málinu vísað inn í lausnateymið. Teymið skoðar nám, hegðun, þroska og/eða líðan barns ásamt aðstæðum og kennsluháttum deildar og setur viðeigandi úrræði af stað. Þannig er hægt að bregðast sem fyrst við erfiðleikum og aðstæðum barns og stuðla að snemmtækri íhlutun.

Ef þörf er á er gerð einstaklingsnámskrá fyrir barn og sett af stað íhlutun sem nær yfir 8-12 vikur. Allar úrlausnir eru unnar í samráði við foreldra/forsjáraðila. Ef lausnateymi telur að ekki hafi orðið bót á vandanum eftir þann tíma er málinu vísað til skólaþjónustu menntasviðs Kópavogs.

5.11 Samþætt þjónusta

Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tekið gildi (nr.86/2021). Þessi nýju lög tryggja það að börn og fjölskyldur þeirra fái samfellda þjónustu sem þýðir að ekki eigi að verða hlé á þjónustu þó svo að barnið og fjölskylda þess flytji á milli sveitarfélaga eða þegar barnið færir um skólastig. Öll börn eiga rétt á að fá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Lögin eiga að tryggja að börn og foreldrar/forsjáraðilar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra/forsjáraðila að fá aðstoð við hæfi. Börn og foreldrar/forsjáraðilar þeirra hafa aðgang að tengilið í heilsugæslu, skóla eða á velferðarsviði.



Í Læk er sérkennslustjóri tengiliður farsældar skólans. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar/forsjáraðilar aðgang að málstjóra hjá velferðarsviði eða þar sem þarfir barnsins liggja hverju sinni. Foreldrar/forsjáraðilar geta óskað eftir samþættri þjónustu fyrir börn sín. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar/forsjáraðilar sækji sjálfir þjónustu fyrir börn sín en markmið laganna er að bæta enn frekar þá þjónustu sem í boði er fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Útgangspunkturinn í öllu sem gert er á að vera barnið og hagsmunir þess (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).

6. Lokaorð

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi einn af grunnþáttunum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“. Bestur árangur næst þegar gott samstarf er á milli leikskóla og foreldra um nám barnanna. Á leikskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir lestrarnám seinna meir en oft er hugtakið bernskulæsi (e. emergent literacy) notað yfir þetta ferli. Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og rituna. Læsi leikskólabarna er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri sem felur í sér málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi en sagt hefur verið að læsi snúist um samband orðanna við lífið sjálft (Stefán Jökulsson, 2012).

Við í Læk höfum nú lokið gerð handbókar um snemmtæka íhlutun - mál og læsi. Handbókin er lifandi skjal sem er í stöðugri endurskoðun. Þessi vinna hefur verið lærdómsrík og gefandi. Handbókin var að mestu unnin af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, starfsfólki Lækjar ásamt dyggum stuðningi frá Maríönnu Einarsdóttur leikskólaráðgjafa.

Á starfsdegi í nóvember sl. fórum við yfir mikilvægi málörvunar í leik og starfi og í framhaldi var sendur póstur á alla foreldra um mikilvægi þess að lesa fyrir börnin.

Í vetur munum við leggja áherslu á að allt starfsfólk Lækjar kynni sér vel efni handbókarinnar. Á starfsdegi í mars mun starfsfólk hlusta á fyrirlestur um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og lestrar. Farið verður í verkefnavinnu tengda handbókinni, bóka- og spilafnið verður einnig yfirfarið.

Að hausti munu deildarstjórar funda ásamt stjórnendum og skipuleggja vetrarstarfið með handbókina að leiðarljósi. Í framhaldi verða haldnir deildarfundir þar sem deildarstjórar munu kynna hugmyndirnar fyrir starfsfólki sínu og þróa í samvinnu með þeim starf vetrarins.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 2011/2011.

Anna Guðmundsdóttir og Halldóra Haraldsdóttir. (2017). Þrjú kennsluþrep Byrjendalæsis. Í Rúnar Sigþórsson og Gretar L. Marinósson (ritstjórar). *Byrjendalæsi - Rannsókn á innleiðingu og aðferð* (bls. 63-92). Háskólaútgáfan.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2011). *Leikur og læsi í leikskólum*. Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun. <https://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2018). *Að lesa fyrir börn*. <http://lesvefurinn.hi.is/node/212>

Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir. (2018). *Verkfærakista: Hagnýt ráð um kennslu nemenda á einhverfurófi*. https://www.einhverfa.is/static/files/skrar/verkfaerakista-isl.-skil-5.2_.pdf

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2010.) *Að byrja nógu snemma*. Markviss kennsla fyrir börn sem eiga í erfiðleikum með mál og lestur. *Talfræðingurinn*, 21(1), 20-22.

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir, og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranesi: Höfundar.

Barnaheill. (e.d.) *Vinátta*. <https://barnaheill.is/Vinatta/>

Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (2005). *Tákn með tali*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir þýðendur. (2017) *TRAS Skráning á málþroska ungra barna*. Endurmenntun Háskóla Íslands.

Brinton, B. og Fujiki, M. (2006). Social and affective factors in children with language impairment: Implication for literacy learning. C.A. Stone, E.E. Silliman, B.J. Ehren og K. Apel (ritstjórar). *Handbook of language and literacy: Development and disorders* (bls. 130-153). New York: Guilford Press.

- Bryndís Guðmundsdóttir. (2008). *Lærum og leikum með hljóðin - Framburðarbók með æfingum og myndum*. Reykjanesbær: Raddlist ehf.
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (1997). *Íslenski þroskalistinn. Handbók*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis og menntamála.
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2005). *Smábarnalistinn. Handbók*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. (2012). *EFI-2 Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári*. Akranes: Talþjálfun og ráðgjöf.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil: Málþroskapróf: Leiðbeiningar og aldursviðmið*. Reykjavík: Framsaga, dreifing Talþjálfun Reykjavíkur.
- Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Másdóttir, Þórarinn Eldjárn og Freydís Kristjánsdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík: Mál og menning.
- Miðja máls og læsis. (e.d.) *Gefðu 10. Ekki bíða, byrjaðu strax*. https://mml.reykjavik.is/wp-content/uploads/2019/05/gefdu_10_baeklingur.pdf
- Gyða Haraldsdóttir. (2008). *Foreldrafærni, þarf að kenna foreldrum uppeldi?* Ráðstefna ASÍ um málefni barna. Heilsugæslan (e.d). Ung- og smábarnavernd.
- Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2014). *Er þetta stafurinn minn? Handbók um læsi ungra barna*. Höfundur.
- Halldóra Haraldsdóttir, Baldur Sigurðsson og Rannveig Oddsdóttir. (2017). Lesskilningur í byrjendalæsi. Í Rúnar Sigþórsson og Gretar L. Marinóson (ritstjórar), *Byrjendalæsi: Rannsókn á innleiðingu og aðferð* (bls. 123-151). Reykjavík; Háskólaútgáfan.
- Halldóra Sigtryggsdóttir, Saga Stephensen, Þorbjörg Halldórsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. (2021). *Hæfniramar í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskólum*. <https://mms.is/frettir/haefniramar-i-islensku-fyrir-fjolyngd-born-i-leikskola>



Hanna Ragnarsdóttir og Fríða Jónsdóttir. (2016). Aðgengi tví- og fjöltyngdra barna að menntun á Íslandi. Í Skóli margbreytileikans. Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca (bls. 157-184). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve, Þorbjörg Þóroddsdóttir og Elín Elísabet Jóhannsdóttir. (1997). *Markviss málörvun*. Kópavogur: Menntamálastofnun.

Helga Sigmundsdóttir. (2018). *Málþroski og læsi*. http://lesvefurinn.hi.is/forsendur_lesturs

Helle Iben Bylander. (2017). *Litla SOL, Spjallað og leikið við yngstu börnin 0-3 ára* (Margrét Tryggvadóttir, Hólmsfríður Árnadóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir þýddu). Herning: Special-pædagogisk forlag (upphaflega gefið út 2011).

Hrafnhildur Steinþórsdóttir. (2017). *Hver ætlar að lesa? Lestrarleiðbeiningar fyrir foreldra leikskólabarna*. Kópavogsbær: Menntasvið.

Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002) *Hljóm-2: Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna (handbók)*.

Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2011). *Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málþroska frá leikskólaaldri til fullorðinsára*. Netla: Veftímarit um uppeldi og menntun. <https://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>

Leikskólinn Lækur. (2019). *Læsisáætlun Lækjar*.

<https://laekur.kopavogur.is/library/contentfiles/L%c3%a6sisstefna%20L%c3%a6kjar.pdf>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr.86/2021.

Kópavogsbær. (e.d.). *Handbók um móttöku barna með íslensku sem annað mál í leikskólum Kópavogs*. https://fjolmenning.kopavogur.is/wp-content/uploads/sites/18/2020/05/handbok_leikskolar_20_5_2020.pdf

Kópavogsbær. (2016.) *Stefna Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum*.
<https://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/lestarstefnan14februar.pdf>

Miðja máls og læsis. (e.d.) *Að kveikja áhuga barns á bókum*. <https://mml.reykjavik.is/portfolio-item/ad-kveikja-ahuga-barns-a-bokum/>

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (2017). *Orðaforðalisti*.
<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordafordalisti/#2>

Miller, E., & Almon, J. (2009). *Crisis in the Kindergarten: Why Children Need to Play in School*.
College Park, MD: Alliance for Childhood.

Rannveig Oddsdóttir, Baldur Sigurðsson og Halldóra Haraldsdóttir. (2017). Ritun í Byrjendalæsi. Í Rúnar Sigþórsson og Gretar L. Marinósson (ritstjórar), *Byrjendalæsi: Rannsókn á innleiðingu og aðferð* (bls. 93–121). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ráðgjafar- og greiningarstöð. (e.d.). *Myndrænt boðskiptakerfi (PECS)*.
<https://www.rgr.is/is/moya/search/index/search?q=pecs>

Ráðgjafar- og greiningarstöð. (e.d.). *Skipulögð kennsla (TEACCH)*. <https://www.rgr.is/is/fraedsla-og-namskeid/hagnytt-efni-1/thjalfunar-og-kennsluadferdir/skipulogd-kennsla>

Rúnar Sigþórsson og Halldóra Haraldsdóttir. (2017). Byrjendalæsi. Í Rúnar Sigþórsson og Gretar L. Marinósson (ritstjórar), *Byrjendalæsi: Rannsókn á innleiðingu og aðferð* (bls. 29–61). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir. (2010). Kennslufræði annars máls. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólustarf* (bls. 109-127). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Singh, S. og Kent, R.D. (2000). *Illustrated dictionary of speech, language pathology*. San Diego: Singular Publishing Group.

Signý Einarsdóttir, 2001. Málörvun í leikskólum. *Athöfn 33,1:26-28*. Félag Íslenskra leikskólakennara, Reykjavík.

- Stefán Jökulsson. (2012). Læsi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjórar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Tryggvi Sigurðsson. (2006). Snemmtæk íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. *Talfræðingurinn 19 (1)*, 5-7.
- Weitzman, E. og Greenberg, J. (2002). *Learning language and loving it*. Toronto: The Hanen centre.
- Westby, C. (2006). A language perspective on executive function: Metacognition and Selfregulation in reading. C.A. Stone, E.R. Silliman, B.J. Ehren og K. Apel (ritstjórar). *Handbook of language and literacy: Development and disorders* (bls. 398-428). New York: Guilford Presss.
- Þóra Másdóttir. (2008). *Phonological development and disorders in Icelandic-speaking children (doktorsritgerð)*. University of Newcastle, Newcastle.
- Þóra Másdóttir. (2019). *Hljóðþróun íslenskra barna á aldrinum tveggja til átta ára*. Netla. <https://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/11.pdf>
- Þóra Sæunn Úlfadóttir. (2010). Sértek málþroskaröskun – áhrif á líf einstaklings. *Talfræðingurinn 23(1)*, 23-25.